

Nd.

234. Breytingartillaga

[134. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Karli Guðjónssyni og Einari Olgeirssyni.

4. mgr. 1. gr. orðist svo:

Fé því, er innheimt verður sem útflutningsskattur af sjávarafurðum skv. 1.—3. mgr. þessarar greinar, skal verja til hækkunar á fiskverði til hlutarsjómannanna og til hækkunar á aflaverði til togarasjómannanna. Að öðru leyti skal fé það, sem verður afgangur í útflutningssjóði, þegar hann hefur innt af hendi greiðslur þær, er um ræðir í bráðabirgðaákvæðum laganna, stafliðum b, c og f, afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960. Þó skal útflutningsskattur skv. 1. mgr. þessarar gr. af öðrum vörum en sjávarafurðum renna í ríkissjóð og honum ráðstafað í þágu landbúnaðarins samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.